

**BORGARRÁÐ 24. nóvember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna stafræna umsókna leikskóla - MSS22110211**

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort þjónustu- og nýsköpunarsvið gæti mögulega fækkað tímafrekum og kostnaðarsömum notendatilraunum og reynt að nýta sér frekar þá þekkingu sem nú þegar liggur víða fyrir varðandi innskráningarferla í leikskóla og þannig flýtt innleiðingu þeirra lausna sem lengi hefur verið beðið eftir í Reykjavík? Í svari skóla- og frístundasviðs í 9. lið fundargerð Stafræns ráðs 23.11. 22 vegna fyrirspurnar Flokks fólksins varðandi umsóknir í leikskóla, kemur fram að stafræn umbreytingarverkefni séu umfangsmikil og tímafrek. Fulltrúi Flokks fólksins telur þess vegna að þjónustu- og nýsköpunarsvið eigi ekki að gera þessi stafrænu umbreytingarverkefni umfangsmeiri og flóknari en þörf er á. Það er óþarfi að tíunda upp hér allt það sem enn sér ekki fyrir endann á varðandi stafræna umbreytingu borgarinnar, en það að skrá börn í eða flytja á milli leikskóla er ferli sem enn er ekki komið í lag og langt virðist í land með. Í umsögn Skóla og frístundasviðs komið fram það sem fulltrúi Flokks fólksins hefur oft gagnrýnt, sem eru allar þessar notendarannsóknir sviðsins. Fulltrúi Flokks fólksins á mjög erfitt með að trúa því að hegðun Reykvíkinga sé svo mikið öðruvísi en hegðun notenda annars staðar, að áralangar rannsóknir þurfi að liggja að baki lausnum sem margar hverjar eru nú þegar til.